

## 1. fundur stjórnar

Starfsárið 2026-2027

17. mars 2026

**Viðstödd eru:** Bjarndís, Hannes, Hrönn, Jóhannes, Leifur, Sveinn, Vera, Kári  
(framkvæmdastjóri)

**Fundargerð ritar:** Vera Illugadóttir

**Fundur settur:** 15:48.

### 1. Stjórn skiptir með sér verkum

Stjórn skiptir með sér verkum. Hlutverk eru óbreytt frá fyrra tímabili, og eru sem hér segir:

Hrönn, varaformaður

Vera, ritari

Jóhannes, gjaldkeri

Hannes, meðstjórnandi

Sveinn, meðstjórnandi

Leifur, meðstjórnandi

### 2. Fundafyrirkomulag stjórnar

Stjórn ræðir fyrirkomulag funda og tíma. Síðasta ár fundaði stjórn á tveggja vikna fresti en fundir á þriggja vikna fresti ættu að nægja. Næstu fundir verða: 31. mars kl. 16:30, þá 16. apríl 16:30, 7. maí kl. 16:30 og 28. maí kl. 16:30.

### 3. Staða félagsins og helstu verkefni

Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu Samtakanna og störf skrifstofu. Ný stefna er tilbúin og skipuleggja þarf því verkefni skrifstofu út frá henni. Kári fer yfir þá vinnu og önnur fyrirliggjandi verkefni. Stjórn ræðir einnig stöðu húsnæðismála.

### 4. Endurmat á aðalfundi og Landsþingi

Stjórn ræðir nýafstaðinn aðalfund og landsþing, hvað gekk vel og hvað hefði mátt betur fara. Byrja má að undirbúa landsþing fyrr svo allt gangi sem best. Hannes stingur upp á að meira samstarf sé við fleiri hópa á við Hinsegin daga um viðburðahald í tengslum við landsþing. Stjórn ræðir. Umræðum um landsþing næsta árs verður fram haldið á næsta fundi.

### 5. Markmið og áherslur stjórnar

Stjórn ræðir komandi starfsár, áherslur og væntingar stjórnarliða til starfsins.

### 6. Vinnuhelgi stjórnar og starfsfólks

Stjórn ræðir dagsetningu vinnuhelgi stjórnar og starfsfólks. Ákveðið er að hún fari fram 24. til 26. apríl næstkomandi. Frekari umræða síðar.

### 7. Önnur mál

a. Hinsegin „prom“ í félagsmiðstöð verður 21. apríl. Stjórnarliðar eru hvattir til að mæta.

b. Hrönn minnir á skipulagningu Hamingjuhlaupsins, þörf verður á sjálfbóðaliðum í ýmis verk.

**Fundi slitið: 17:04.**